

**Nd.**

**119. Nefndarálit**

**[5. mál]**

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 14 4. apríl 1955, um breyt. á l. nr. 44 19. júní 1933, um stofnun happdrættis fyrir Ísland.

Frá fjárhagsnefnd.

Frumvarp þetta er flutt samkv. tilmælum Háskóla Íslands. Nefndin hefur haft frumvarpið til athugunar. Eftir að hafa kynnt sér efni þess hefur nefndin orðið sammála um að flytja við það eftirfarandi

**BREYTINGARTILLÖGUR:**

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:  
1. gr. laganna breytist svo, að í stað töluröðsins „55000“ komi: 65000.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:  
Lög þessi öðlast þegar gildi.
3. Fyrirsögn orðist svo:  
Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 26 24. apríl 1957, um breyting á lögum nr. 14 4. apríl 1955, um breyting á lögum nr. 44 19. júní 1933, um stofnun happdrættis fyrir Ísland.

Alþingi, 11. nóv. 1960.

Birgir Kjara,  
form., frsm.

Sigurður Ingimundarson,  
fundaskr.  
Lúðvík Jósefsson.

Skúli Guðmundsson.